



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

552. stjórnarfundur 19. nóvember 2020 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Birgir Már Bragason, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Björg Hafsteinsdóttir. Sveinbjörg Sigurðardóttir var fjarverandi.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá knattspyrnudeildinni þar sem þeir þakka fyrir stuðninginn.

Tölvupóstur frá UMFÍ, samþykktar ályktanir frá 43. sambandsráðsfundi UMFÍ.

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild. Ósk um afnot af Hringbraut 108 undir flugeldasölu frá 14. desember 2020 til 15. janúar 2021. **Samþykkt.**

Tölvupóstur frá UMFÍ. Umsókn um styrk úr fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ - Nýtt stuðningsmannalag, umsókn hafnað.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Umsókn um styrk úr fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ - Lifandi liðsheild, veittur styrkur að upphæð eitt hundrað þúsund krónur.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Umsókn um styrk úr fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ - Ný heimasíða, veittur styrkur að upphæð eitt hundrað þúsund krónur.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Skinfaxi, vilja gera fólki kleift að draga gjafir til almannaheillafélaga frá tekjum.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Fréttabréf, börnum og ungmennum heimilt að stunda íþróttir á nýjan leik.

Tölvupóstur frá Barnaheillum um að leggja frá sér símann og önnur snjalltæki sunnudaginn 15. nóvember 2020.

Tölvupóstur frá Höllu Karen Guðjónsdóttur verkefnastjóra hjá Reykjanesbæ um Jólagarðurinn.

Tölvupóstur frá formanni ÍRB vegna kjörs á íþróttamanni Reykjanesbæjar.

Tölvupóstur frá ÍSÍ. Staða mála í viðræðum við ríkið.

Afrit af fundargerð barna- og unglíngaráðs knattspyrnudeildar.

Tölvupóstur frá RSK, rafíþróttadeild komin með kennitölu.

Tölvupóstur frá RSK, uppfærsla á gagnaskilakerfi Skattsins.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Fréttabréf um íþróttastarf barna og ungmenna heimilt á nýjan leik um allt land, Nýjar sögur verða til.

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni varðandi breytingar á reglugerðum vegna Covid.

Tölvupóstur frá formanni ÍRB, boðun á tvöfaldan formannafund.

Tölvupóstur frá formanni ÍRB vegna úthlutunar á þjálfarastyrk og kjöri á íþróttakonu og karli Reykjanesbæjar.

Tölvupóstur frá UMFÍ. Nýir styrkir fyrir börn og ungt fólk í íþrótt- og æskulýðstarfi.

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á stjórnir og ráð um að æfingar eru heimilar aftur frá og með 18. nóv. Ýmis annar póstur varðandi covid19 sendur á stjórnir og ráð í tölvupósti.

4. Íþróttakona og karl Keflavíkur

Umræða um tilnefningu á íþróttakonu og karli Keflavíkur vegna Covid 19. Einar ætlar að heyra í formönnum deilda.

5. Jólblaðið Keflavíkur

Jólblaðið er í fullum gagni og stefnt er á að það komi út fyrstu helgina í desember. Knattspyrnudeildin kemur til með að dreifa blaðinu.

6. Formannafundur ÍRB

Búið er að boða til formannafundar ÍRB mánudaginn 23.nóvember kl. 18:00 – 19:00 á Teams. Breyting á fyrirkomulagi á útreikningi á skiptingu þjálfarastyrks Reykjanesbæjar.

7. Önnur mál

A. Æfingar yngri flokka eru komnar af stað aftur.

B. Fjarnámskeið um næringarfræðslu var haldinn 12. nóvember. Hrós til knattspyrnudeildar fyrir frumkvæðið að fyrirlestrinum.

C. Verið er að stofna bankareikning fyrir rafíþróttadeild.

D. Hafþór Barði Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar upplýsti okkur um stöðu mála varðandi að fara í rafrænar hvatagreiðslur.

E. Upplýsingar settar á heimasíðuna um styrk frá ríkinu í gegnum Reykjanesbæ. Hvernig kvittun er sótt úr Nóra kerfinu.

F. Bréf varðandi framtíðarsýn félagsins til íþrótt- og tómstundaráðs rætt.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 3. desember 2020

Fundi slitið kl. 19:30

Fundinn ritaði Eva Björk